STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1977

REGLUGERÐ
um síldveiðar.

1. gr.
Allar síldveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar.

2. gr.
Þrátt fyrir ákvæði 1. gr., getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til veiða á síld í reknet, lagnet og hringnót.
Ráðuneytið getur bundið leyfi þessi og úthlutun þeirra skilyrðum þeim, er þurfa þykir.

3. gr.
Lágmarksmöskvastærð rekneta og lagneta, sem notuð eru til síldveiða, skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

4. gr.
Þegar heimild er veitt samkvæmt 2. gr. er þó bannað að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sé hún verulegur hluti síldarafla fiskiskips.
Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

5. gr.
Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

6. gr.
Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

7. gr.
Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 4. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir, og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

B 58

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4.—7. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt að fengnu áliti Hafrannsóknastofnunarinnar leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

9. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa samkvæmt 2. gr. og 8. gr. sé fylgt.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. og 14. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 266 16. júlí 1976 um síldveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. ágúst 1977.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 280. Útgáfudagur 10. ágúst 1977.